

Starfsreglur bæjarstjórnar Grundarfjarðar við ráðningu starfsmanna

1. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra, sbr. 48. gr. samþykktar um stjórn Grundarfjarðarbæjar. Bæjarstjórn gerir skriflegan ráðningarsamning við bæjarstjóra og staðfestir hann.

2. gr.

Bæjarstjórn ræður starfsmenn í æðstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu og veitir þeim lausn frá störfum, sbr. 50. gr. samþykktar um stjórn Grundarfjarðarbæjar. Þessi störf eru:

1. Skólastjóri grunnskóla, að fenginni umsögn skólanefndar
2. Skólastjóri leikskóla, að fenginni umsögn skólanefndar
3. Skólastjóri tónlistarskóla, að fenginni umsögn skólanefndar
4. Skrifstofustjóri
5. Íþrótt- og tómstundafulltrúi
6. Menningar- og markaðsfulltrúi
7. Slökkviliðsstjóri

Skipulagsfulltrúi og byggingarfulltrúi skal tilnefndur eða ráðinn í samræmi við skyldur bæjarfélagsins skv. samstarfssamningi um embætti skipulags- og byggingarfulltrúa o.fl. milli Grundarfjarðarbæjar, Stykkishólmsbæjar, Eyja- og Miklaholtshrepps og Helgafellssveitar og er bæjarstjóra falið að annast tilnefningu/ráðningu í störfun í samræmi við samninginn, að undangengnu samráði við bæjarstjórn.

3. gr.

Bæjarstjóri ræður aðra fasta starfsmenn en þá sem greinir í 2. gr. starfsreglna þessara, nema á annan veg kunnir að vera mælt í lögum, reglugerðum eða reglum sem bæjarstjórn hefur sett, sbr. 51. gr. samþykktar um stjórn Grundarfjarðarbæjar.

Ef stofnuð er ný staða (fast starf) skal bæjarstjórn ákveða hvort um það fer skv. 2. eða 3. gr. starfsreglna þessara.

4. gr.

Bæjarstjóri ræður lausráðna starfsmenn eða felur öðrum starfsmönnum umboð til ráðningar slíkra starfsmanna eftir því sem við á hverju sinni. Heimilt er bæjarstjóra að fela þeim starfsmönnum sem nefndir eru í 2. gr. starfsreglna þessara umboð til lausráðningar starfsmanna.

5. gr.

Heimild til ráðningar starfsmanna takmarkast af lögum eins og þau kunna að hljóða hverju sinni, samþykktum bæjarstjórnar og gildandi fjárhagsáætlun hverju sinni. Eigi skal ráðið í nýtt starf nema bæjarstjóri eða viðkomandi yfirmaður stofnunar, deildar eða fyrirtækis skili kostnaðaráætlun og greinargerð um starfið til bæjarstjórnar til samþykktar.

6. gr.

Að jafnaði skulu öll laus störf sem fastráðið er í hjá sveitarfélaginu og fyrirtækjum þess auglýst til umsóknar.

Auglýst skal á þann hátt eða á þeim stað að nái til sem flestra íbúa sveitarfélagsins eða þess hóps sem auglýsingu er sérstaklega beint að.

7. gr.

Sá sem fer með ráðningarvald skv. 2. – 4. gr. starfsreglna þessara skal leitast við að hafa samráð um ráðninguna við hlutaðeigandi yfirmenn þeirra stofnana, deilda eða fyrirtækja sem starfsmaður skal ráðinn til.

Ráðningarvaldi skv. 1. til 4. gr. starfsreglna þessara fylgir vald til veitingar áminninga og uppsagnar starfs í samræmi við lög, kjara- og starfssamninga hverju sinni.

8. gr.

Þeir sem með ráðningarvald fara skulu gæta persónulegs hlutleysis í hvívetna við ákvarðanir skv. reglum þessum. Þeir skulu gæta trúnaðar og þægmælsku um upplýsingar og vitneskju um persónulega hagi umsækjenda og starfsmanna sem þeir kunna að komast yfir í tengslum við starf sitt. Hið sama gildir um þá sem hafa umsagnarrétt við ráðningu starfsmanna. Um ákvarðanir þeirra fer að öðru leyti að lögum og gildandi kjara- og starfssamningum.

9. gr.

Gerðir skulu skriflegir ráðningarsamningar við alla fastráðna starfsmenn við upphaf starfs þeirra. Um innihald ráðningarsamnings fer skv. „Samkomulagi um form ráðningarsamninga og skyldu til að upplýsa starfsmenn um ráðningarkjör“ sem samþykkt var 10. júní 1997 af Launanefnd sveitarfélaga og af hreppsráði Eyrarsveitar 1. júlí 1997.

10. gr.

Til að breyta starfsreglum þessum þarf samþykkt bæjarstjórnar Grundarfjarðar.

11. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með stoð í 50. og 51. gr. samþykktar um stjórn Grundarfjarðarbæjar nr. 780/2013, voru samþykktar af bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar 9. apríl 2014 og öðlast þegar gildi. Þá féllu úr gildi starfsreglur sama efnis frá 29. apríl 2004. Reglur þessar voru samþykktar í bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar 22. september 2021 og falla reglur frá 22. júní 2021 úr gildi.

Grundarfirði, 22. september 2021.

Björg Ágústsdóttir, bæjarstjóri